



### 432. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í starfsmannahúsinu á Þingvöllum þann 6. september 2017 kl. 14:00. Mættir til fundarins voru Vilhjálmur Árnason formaður, Theodóra Þorsteinsdóttir, Andrés Ingi Jónsson og Einar Brynjólfsson. Jóna Sólveig Elínardóttir sat hluta fundarins símlíðis og Njáll Trausti Friðbertsson mætti til fundarsins kl.15:45.

Einnig sátu fundinn Ólafur Örn Haraldsson Þjóðgarðsvörður, Einar Á. E. Sæmundsen fræðslustjóri, Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofustjóri og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Drög að endurskoðun stefnumótunar

Einar Á. kynnti fyrir nefndinni drög að endurskoðun stefnumótunar fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Samþykkt að stefnumörkunarvinna verði á dagskrá Þingvallanefndar uns hún sé fullbúin.

2. Þjóðgarðastofnun, fyrirátlanir umhverfisráðherra

Formaður kynnti áætlun umhverfisráðherra um að setja á fót þjóðgarðastofnun á næsta ári. Stofnunin myndi taka yfir málefni Vatnajökulsþjóðgarðs, Snæfellsjökulsþjóðgarðs og þjóðgarðsins á Þingvöllum, ásamt öðrum verkefnum á sviði náttúruverndar sem heyra í dag undir Umhverfisstofnun. Með þessu er stefnt að því að sameina verkefni sem tengjast verndaraðgerðum, landvörslu, leyfisveitingum og framkvæmd friðlýsinga, en sjálfstæði í rekstri hvers þjóðgarðs verði viðhaldið.

Búið er að skipa í starfshóp sem á að skila tillögu að frumvarpi til laga til umhverfis – og auðlindaráðherra fyrir 1. nóvember nk. Fyrir hönd þjóðgarðsins sitja í starfshópnum Vilhjálmur Árnason formaður, Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi og Helgi Kjartansson frá Bláskógabyggð.

3. Hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum 18. júlí 2018 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands.

Lagt fram minnisblað um þingfund sem halda á á Þingvöllum þann 18. júlí nk. Í tilefni þess að árið 2018 er öld liðin frá því er íslenskt ríki, sjálfstætt, frjálst og fullvalda, var á ný stofnað með sambandslögmum 1918.

4. Rekstrartölur þjóðgarðsins

Farið var yfir lykiltölur úr rekstri þjóðgarðsins fyrstu sjö mánuði ársins ásamt helstu viðfangsefnum þjóðgarðsins á þessu ári.

5. Erindi til Þingvallanefndar;

Forkaupsréttur að Vikurvegi 4 og beiðni um borun eftir köldu vatni.  
Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum og heimila framsal lóðarleiguréttinda til nýrra eigenda.  
Þingvallanefnd samþykkir beiðni um borun eftir köldu vatni.

Forkaupsréttur að Efristíg 15.  
Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum og heimila framsal lóðarleiguréttinda til afkomanda núverandi lóðarleiguhafa.

Forkaupsréttur Gjábakkaland 8.  
Upplýst um stöðu máls. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið samþykkir að neyta forkaupsréttar að sumarhúsinu fyrir hönd ríkissjóðs.

Valhallarstígur nyrðri nr. 7  
Upplýst um stöðu máls. Fjármálaráðuneytið hafnar því að húsgrunnurinn verði keyptur.

6. Erindi um heildstæða vöktun á vistskerfi Þingvallavatns og stofnun fræðaseturs.

Í erindinu er óskað eftir styrk til þess að hefja heildstæða vöktun á vistkerfi Þingvallavatns þar sem m.a. verði skoðuð staða vistkerfis á strandbotni Þingvallavatns, og fiskistofnar Þingvallavatns. Jafnframt verði hafin undirbúningur að stofnun og rekstri fræðaseturs á Þingvöllum þar sem gerðar verði þverfaglegar rannsóknir sem tengjast Þingvöllum og nágrenni. Rætt hefur verið að gamli bærinn á Kárastöðum gæti hentað fyrir fræðasetrið þegar húsið verður gert upp. Vöktun er langtímaverkefni sem þarf að halda vel utan um, þ.a.l. samræmingju áætlana um rannsóknir, skýrslugerð, varðveislu gagna og miðlun upplýsinga.

Þingvallanefnd samþykkir 6 milljón króna framlag. Þingvallanefnd óskar jafnframt eftir því að niðurstöður vöktunarinnar verði gerðar aðgengilegar almenningi.

7. Starfslok þjóðgarðsvarðar vegna aldurs.

Ólafur Örn Haraldsson lætur af störfum sem þjóðgarðsvörður vegna aldurs þann 1. október 2017 samkvæmt samkomulagi.

Starfsemi þjóðgarðsins hefur tekið byltingakenndum breytingum á starfstíma hans, m.a. vegna þeirra miklu áskorana sem aukin ferðapjónusta hefur haft í för með sér.

Þingvallanefnd þakkar Ólafi Erni fyrir vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.

Þingvallanefnd samþykkir að Einar Á.E. Sæmundsen fræðslufulltrúi verði settur í starf þjóðgarðsvarðar til eins árs frá og með 1. október nk. Á þeim tíma mun Þingvallanefnd móta starfsskilyrði og auglýsa stöðuna að þeim tíma loknum.

8. Önnur mál

Samþykkt að fundartímar Þingvallanefndar verði hér eftir 2. og 4. hvern miðvikudag í hverjum mánuði í hádegi. Upplýst um hönnun og endurbætur á veginum um Lyngdalsheiði.